

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFADEILDAR 1997

XXVIII

Rannsókn á ætluðu kumli á Þúfutanga,
Melanesi

Sigurður Bergsteinsson



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2013



© Fasteignaskrá Íslands / Loftmyndir ehf 2009

Kvarði 1 : 500K

Melanes er merkt sem rauður punktur á þessu yfirlitkorti af Vestfirðum.

© Þjóðminjasafn Íslands/Sigurður Bergsteinsson
Öll réttindi áskilin.

Guðmundur Ólafsson gekk frá skýrslunni út frá handriti Sigurðar.

Forsíðumynd: Kuml 2 séð úr suðaustri (Púfutangi 2-16-SB).




Mynd 1. Ari Ívarsson við ætlað kuml á Kumlatanga (Þór Magnússon 27/8 1974).

Inngangur

Fyrir nokkrum árum hafði Ari Ívarsson á Patreksfirði samband við Þjóðminjasafnið og kvaðst hafa fundið tvö mannvirki á Þúfutanga í landi Melaness á Rauðasandi, sem minntu mjög á kuml. Þór Magnússon skoðaði staðinn er hann var þar á ferð árið 1974.

Taldi hann líklegt að um kuml væri að ræða. Skammt frá þessum ætluðu kumlum voru tóftir.¹ Fleiri fornleifafræðingar skoðuðu þessi mannvirki og töldu allir líklegt af ummerkjum á yfirborði að hér væru um tvö kuml að ræða. Eins og fram kemur hér að neðan er óvíst hvort svo hafi verið. Þrátt fyrir þetta verða þessi mannvirki hér kölluð kuml til þæginda, enda fengu þau heitin Kuml 1 og Kuml 2 á meðan rannsókn stóð.

Kuml 1 var töluvert raskað af völdum sjávargangs, en Kuml 2 var heillegt og þótti því líklegt að það væri óraskað, en flest þau kuml sem rannsökuð hafa verið á Íslandi hafa fundist við jarðrask eða vegna landbrots. Þjóðminjavörður ákvað því að annað kumlið skyldi rannsakað með uppgrefti.



Mynd 2. Grunnteikning af Kumli 1.

¹ Sigurður Bergsteinsson, 1997.

Af þessu tilefni fór ég vestur dagana 22. og 23. maí 1997 til þess að skoða þessi mannvirki og naut ég leiðsagnar Ara Ívarssonar, en hann er uppalin á Melanesi og þekkir vel til allra aðstæðna. Gerður var uppdráttur af kumlunum og þau merkt inn á kort ásamt öðrum mannvirkjum á svæðinu.²

Dagana 2. til 12. júlí rannsökuðum við Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafraeðingur, og Garðar Guðmundsson, fornvistfraeðingur, kumlið með uppgrefti.



Mynd 3. Horft til suðurs frá Sandfelli. Þúfutangi er á miðri mynd en fjær er bærinn Melanes (Þúfutangi 5-13-SB).

Landshættir á Þúfutanga og nágrenni.

Þúfutangi er breiður tangi sem teygir sig í suð-vestur út í Sandvaðal. Tanginn er í landi Melanes, en næstu býli eru Máberg og Skógar, nú bæði í eyði. Tanginn er mjög flatur og að mestu leyti uppblásinn melur, en þó eru á honum gróðurflákar, bæði grasivaxnir og lyngvaxnir. Sunnan við tangann er dálftill vogur sem heitir Hafnarvogur en norðan við hann Mjósund.

Sveitin Rauðisandur dregur nafn af sandrifi því sem afmarkar lónið Sandvaðal. Sandvaðall er svo grunnur að hann er nánast þurr á fjöru, nema hvað í honum eru grunnir álar. Upp af Sandvaðli taka við mýrar, sem hafa verið þurrkaðar að miklu leyti í seinni tíð. Þar er Þúfutangi undantekning. á kortum herforingjaráðsins frá 1915, Nr. 3 N.A. og 3 S.A. má sjá að melur var þá á Þúfutanga og góðan spöl austur af honum, en þar taka við mýrar. Nú hafa tún verið ræktuð á austurhluta þessa mels, þ.e. austan Þúfutanga. Skammt upp af mýrunum eru melar og torfur með birkikjarri sem nær nokkuð upp í fjallshlíðar.

Sunnan og austan við Þúfutanga er bærinn Melanes og þar sunnan við er Sjöundaá, sem hefur verið innsti bær sveitarinnar. Á Melanesi eru í töluverðri brekku en neðan brekkunnar er flatur sandur, sem hefur verið ræktaður upp að hluta. Þar hefur verið töluverður

² Sigurður Bergsteinsson, 1997.

uppblástur og hafa m.a. komið þar í ljós forvitnilegir steingarðar.³ Norðan við Melanes eru nokkur gömul naust.

Að sögn Ara Ívarssonar var erfitt að sækja sjó frá Sandvaðlinum, þar sem mjög brimasamt er við Bæjarós, en svo heitir ósinn inn í Sandvaðal. Ari taldi ósinn ekki færán í suðlægum strekkingi. Þar að auki þarf að sæta sjávarföllum, til að sigling sé fær í Sandvaðal.



Mynd 4. Loftmynd af Þúfutanga.

³ Kristján Eldjárn, 1965:88-93.

Aðferðir

Byrjað var á að setja upp hnitakerfi þar sem Y-ásinn fór hækkandi í norður og X-ásinn hækkandi í austur. Stöð var sett upp við kuml 2 og fékk hnitin X1000/Y1000 og hæðina 100. Einn fastur punktur frá Landmælingum Íslands var tiltækur í nágrenninu. Punkturinn er merktur LM 0317 og er staðsettur á 65°27'92" N og 23°56'67" V. Hæðin er 5 m.y.s. Í lok uppgrافتar var þessi mælipunktur mældur inn og hæðir leiðréttar í samræmi við hann. Þessi punktur hafði hnitin: X1435,021/Y1154,882 og H 97,182 í staðarhnitakerfi okkar.

Áður en uppgröftur hófst var mælt þéttriðið net punkta yfir allt kumlið og um 10 m út frá því, svo að hægt væri að gera af því þrívíddarlíkan. Einnig var kumlið teiknað í fleti í mælivarða 1:20. Kumlinu var síðan skipt í fjóra helminga með línunum í norðaustur-suðvestur og norðvestur-suðaustur og byrjað á að fjarlægja torf og grasrót af andstæðum helmingum. Snið voru teiknuð eftir þessum línunum. Efsta steinalagið var teiknað og mælt í fleti en neðri steinalögin voru ljósmynduð hvert fyrir sig eftir að krossar höfðu verið krítaðir í hnit. Hæð og hnit voru mæld inn með alstöð. Grafið var um 0,6 m undir yfirborð melsins.

Torf úr kumlinu var lagt til hliðar í sömu röð og það var tekið af kumlinu, vegna endurgerðar kumlsins. Að uppgrefti loknum var kumlið endurgert í sem upprunalegustu mynd fyrir rannsókn (mynd 12).




Mynd 5. Kuml 2 áður en rannsókn hófst. Horft til suðausturs. (Þúfutang 2-12-SB).

Lýsing á kumli 2

Kumlið er lágur aflangur hól, sem sker sig vel frá berangurslegum flötum melnum umhverfis. Hæðin á kumlinu um 0,7 m, þar sem það er hæst í NA-endanum. Þar er fuglapúfa og má gera ráð fyrir að hún hafi bætt um 0,2-0,3 m ofan á kumlið, en hafa ber í huga að mannvirkið kann að hafa sigið eitthvað í tímans rás. Umhverfis hól þennan er slitrótt einföld röð steina. Hleðslan er greinilegust að norð-austanverðu og má rekja hana norður og vestur fyrir kumlið, en mikið vantar í hana að sunnanverðu (sjá mynd 6). Líklega hefur hleðslan náð allt í kring

um kumlið í upphafi og myndað sporöskjulaga steinaröð umhverfis það og verið um 7 m frá NA til SV og um 5 m frá NV til SA.



Mynd 6. Flatarteikning af kumli 2 áður en uppgröftur hófst. Fimm cm eru á milli hæðarlína.

Þegar búið var að hreinsa torf og mold ofan af kumlinu kom í ljós grjóthrúgald. Það vakti athygli okkar að ekkert grjót var að finna í tæplega helmingi kumlsins að suðvestan. Suðvesturbrún grjóthrúgunnar var einnig nokkuð bein og lá um það bil þvert á hinn sporöskjulaga steinramma (sjá mynd 9).



Mynd 7. Kuml 2 eftir að búið var að fjarlægja torf og jarðveg ofan af grjóti. Horft til norðausturs. (Þúfutangi 2-29-SB).

Ekkert hleðslulag var að sjá í grjóthrúgaldinu, en það vakti athygli okkar að efst nálægt SV-brún þess var að finna nokkuð stórar hellur. Þetta voru einu hellurnar í kumlinu. Engir gripir fundust í hrúgaldinu. Illa varðveittar beinaleifar fundust á milli steina í efsta steinalaginu. Einnig fundust bein úr nautgrip undir efsta steinalaginu. Aldursgreiningar samkvæmt geislakolsmælingum sýndu að smábeinin efst í hrúgaldinu eru frá þessari öld, en nautgripabein eru frá 15. öld (sjá mynd 8).

AMS ¹⁴C Dating Laboratory Aarhus-Reykjavík
 Institute of Physics and Astronomy, University of Aarhus, DK-8000 Aarhus C
 Science Institute of the University of Reykjavík, Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík


Samples: Sigurdur Bergsteinsson - endelige resultater.

Date: 25 March 1998

AAR-#	Sample Type	Collection Site	¹⁴ C Age (BP)	Calibrated age ±1 stdv.	δ ¹³ C (‰) PDB	Submitter ID	Submitter
AAR-3960-1	bone	Thufubargi, Vestribyggjet, Island. Knoglen fandtes i en stenrøse, som menes at være en gravrøse fra vikingetid. AMS præp.: Prøven består af 3 fragmenter: 1. stk. med en del rødder i den inderste del (ca. 800 mg). 2. meget lille stk. 3. stk. der ser rimeligt ud (413 mg). Denne datering er på stk. 3. 0.20m below surface. (65°28'N Lat, 24°57'W Long)/Exp. age: vikingetid.	170 ± 45	AD 1680-1955, AD 1665-1955	-21.0	Thuf 97-1	Sigurdur Bergsteinsson/AES
AAR-3960-2	bone	Thufubargi, Vestribyggjet, Island. Knoglen fandtes i en stenrøse, som menes at være en gravrøse fra vikingetid. AMS præp.: Se AAR-3960-1. Denne datering er på stk. 1. 0.20m below surface. (65°28'N Lat, 24°57'W Long)/Exp. age: vikingetid.	35 ± 40	AD 1955*, AD 1955*-1955*	-21.3	Thuf 97-1	Sigurdur Bergsteinsson/AES
AAR-3961-1	bone (Bos taurus)	Thufubargi, Vestribyggjet, Island. Kommentarer: se AAR-3960. Prøven er via Jan Heinemeier artsbestemt af Jeppe Møhl, Zoologisk Museum, Kbh. Universitet. 0.15m below surface. (65°28'N Lat, 24°57'W Long)/Exp. age: vikingetid.	535 ± 45	AD 1415, AD 1400-1435	-22.1	Thuf 97-2	Sigurdur Bergsteinsson/AES
AAR-3961-2	bone (Bos taurus)	Thufubargi, Vestribyggjet, Island. Kommentarer: se AAR-3960. Prøven er via Jan Heinemeier artsbestemt af Jeppe Møhl, Zoologisk Museum, Kbh. Universitet. 0.15m below surface. (65°28'N Lat, 24°57'W Long)/Exp. age: vikingetid.	510 ± 30	AD 1425, AD 1410-1435	-22.0	Thuf 97-2	Sigurdur Bergsteinsson/AES

Mynd 8. Niðurstöður geislakolsmælinga frá Þúfutanga.

N




0 1 2




Metrar

Mynd 9. Flatarteikning af kumli 2 eftir að búið var að hreinsa ofan af grjóti.


Undir grjóthrúgaldinu var að finna dálitla mold í jöðrum þess. Í fyrstu héldum við að þar væri um að ræða brún niðurgaftar, eins og vænta mátti í kumli. Við nánari athugun kom í ljós að þar var enginn niðurgröftur. Undir melnum skiptust á stórgrýtislög og malarlög með þéttum hörðum leir á milli (sjá sniðteikningar á myndum 10 og 11).




Mynd 10. Snið A-C yfir kuml 2 (Sigurður Bergsteinsson).



 = Stórgrikkur leirbarinn
jökulruðningur

 = Sandbarinn grús

 = Sjávarmöl

 = Mold og
grús.

7 m

Mynd 11. Snið D-E yfir Kuml 2 (Sigurður Bergsteinsson).

Umræða

Þegar ráðsit var í uppgröftinn á Rauðasandi var það álit okkar að um kuml væri að ræða. Lágur steinhausur með sporöskjulaga steinhleðslu umhverfis minnir óneitanlega á kuml. Rannsóknin leiddi hins vegar ekki í ljós hvert hlutverk þessa mannvirkis hafði verið, en víst er að hér er um mannanna verk að ræða. Grjótið virðist augljóslega hafa verið borið saman og markaðist af slitróttum aflöngum steinhring. Melatíglar eru algengir á Þúfutanga, en hvergi gátum við séð baugslaga náttúrulega hringi í umhverfinu. Auk þess sker steinhausurinn sig úr flötu umhverfinu. Beininn efst í kumlinu sem eru frá þessari öld gætu hafa borist þangað með fuglum eða ref. Nautgripabeinin sem fundust undir efstu steinaröðinni gefa vísbendingu um aldur mannvirkisins. A.m.k. er ljóst að efstu steinum hrúgaldsins hefur verið komið þar fyrir einhvern tíma eftir 1400 (sjá mynd 7).

En hvaða mannvirki hefur þetta verið? Við því fæst ekki einhlítt svar en hér á eftir eru nefndir nokkrir möguleikar ásamt rökum með og á móti:

Hús eða byrgi: Mannvirkið var gegnheilt og grjótið mest í miðju þess. Ekkert bendir til þess að baugslaga hleðslan hafi verið hærri en ein steinaröð. Grjóthrúgan getur því ekki verið leifar veggja eða borghleðslu.

Varða eða mið: Mannvirkið er varla nógu hátt og auk þess óþarflega umfangsmikið til þessara nota. Þar að auki fellur hinn sporöskjulaga steinrammi ekki að vörðuhugmyndinni.

Hörgur: Enginn veit nákvæmlega hvernig hörgar hafa verið. Flestir fræðimenn hallast þó að því hörgar hafi verið staðir í náttúrunni, sem menn höfðu sérstaka helgi á. Hörgar hafa í flestum tilfellum verið náttúrusmið, þó að mannvirki hafi í einstaka tilfellum verið túlkaðir sem hörgar af fornleifafræðingum.⁴

Kuml: Mannvirkið er að ytra útliti og gerð mjög líkt kumli. Engin merki fundust þó um kumlbúa eða haugfé. Engin merki voru um niðurgröft. Bein sem fannst ofarlega í mannvirkinu hefur verið aldursgreint til 15. aldar.

Hér mætti eflaust telja upp fleiri möguleika, en í raun er á þessu stigi málsins ekkert hægt að fullyrða neitt um í hvaða tilgangi mannvirki þetta var gert. Eftir stendur að mannvirkið líkist mest kumli hvað ytri gerð snertir. Mörgum kumlum eða ætluðum kumlum hér á landi svipar mjög til þessa mannvirkis. Má þar t.d. nefna ætlað kuml við Ytri Fagradal, kuml sem Kristian Kaalund rannsakaði í Innri Fagradal⁵ og fleiri. Ef þetta er kuml má telja undarlegt að hvorki skuli finnast tangur né tetur af kumlbúa né því sem hann kann að hafa fengið með sér af haugfé í kumlið. Ljóst er af aldursgreiningu nautgripabeinsins að það getur ekki tilheyrt kumli, enda óþekkt hér á landi að finna leifar af nautgripum í kumlum, þó að vitað sé um slíkt annars staðar á Norðurlöndum.

Ef mannvirki þetta er kuml, er ljóst að því hefur verið raskað. Grjót vantar í SV helming þess og vel má hugsa sér að því hafi verið kastað upp í kumlið til norðausturs. Það gæti skýrt hvers vegna hellur eru svo ofarlega í grjóthrúgaldinu, en hellur voru oft lagðar umhverfis og ofan á hinn látna í heiðnum gröfum.⁶ Þetta rask hefur verið gert einhvern tíma eftir 1400, það sýnir aldursgreiningin á nautgripabeininu.

Sterk mótrök fyrir því að um kuml sé að ræða eru að enginn niðurgröftur eða gröf fannst undir haugnum. Þess ber þó að geta að kuml án niðurgraftar hafa fundist hér á landi. Í Grafargerði, Hofshreppi fannst kuml þar sem líkið hafði ekki verið grafið niður heldur aðeins orpinn haugur yfir það. Kuml þetta var á leirblöndnum sléttum mel.⁷ Melurinn á Þúfutanga er einnig leirblandaður og því mjög harður og erfitt að grafa í hann. Enn mælir á móti kumlakeningunni að hvorki fundust leifar haugfjár né mannabeina. Kumlbrjótar geta auðvitað hafa hirt allt hugsanlegt haugfé, en varla hafa þeir haft áhuga á beinunum. Beinir geta raunar hafa eyðst og horfið með tímanum, sérstaklega ef þau hafa ekki verið hulin jarðvegi.

⁴ Olaf Olsen, 1966: 103-112, 203-208.

⁵ Kristján Eldjárn, 1956:84.

⁶ Kristján Eldjárn, 1956:207-209.

⁷ Kristján Eldjárn, 1956:113.



Mynd 12. Endurgert kuml að lokinni rannsókn. Horft til suðausturs (Púfutangi, SB).

Ætla má að á miðöldum hafi tíðkast í einhverju mæli að ættingjar eða afkomendur létu flytja bein úr kumlum yfir í kirkjugarða, þeim til sálhjálp. Þannig var t.d. Egill Skallagrímsson fluttur úr haug sínum í kirkjugarðinn á Hrísbú.⁸ Í öðrum stórhaugum á Jalangri á Jótlandi fannst grafhýsi sem greinilega hafði verið tæmt, bæði af munum og beinum. Tæpum hundrað árum síðar var grafið undir kirkju, sem stendur á milli þessara hauga og komu þá í ljós a.m.k. þrjár eldri trékirkjur. Undir þeirri elstu fannst grafþró og í henni voru mannabein í óreglulegri kös. Þar var einnig að finna dýrgripi og gullþráð úr klæði. Þar sem beinin voru ekki í eðlilegri stöðu, hafa fornleifafraeðingar ályktað að þau hafi verið færð í þróna annars staðar frá. Þá var nærtækt að ætla að hér væru komnar leifar þess sem áður hafði verið í grafhýsinu í haugnum.⁹

Þá er einn möguleiki ótalinn, en það er kuml án líks. Á Norðurlöndum hafa fundist haugar án grafa, sem hafa verið túlkaðir sem minnisvarðar um einstaklinga sem létust fjarri heimahögum. Rúnasteinarnir voru oft reistir í sama tilgangi.

Eins og sjá má hér að ofan varð rannsóknin hvorki til þess að staðfesta né afsanna hvort þessar minjar væru kuml. Víst er að um mannaverk er að ræða og betri tilgáta en ofangreindar hugleiðingar liggur ekki fyrir. Sennilegasta skýringin virðist vera sú að þetta hafi upphaflega verið kuml, sem hafi verið raskað á 15. öld. Ekki er víst að kumlið hafi nokkurn tíma geymt lík, en hafi svo verið, hefur það ekki verið grafið ofan í melinn. Hugsanlega hefur líkið verið flutt síðar til greftrunar í kirkjugarð, eins og dæmi eru um. Sem dæmi um það hve mikilvægt miðaldamenn töldu að líkamsleifar manna væru við kirkju, má nefna hin nákvæmu fyrirmæli í Kristinna laga þætti Grágásar,¹⁰ um hvernig menn skyldu bera sig að við flutning beina, er kirkja var flutt frá einum stað í annan. Fornleifar sýna aftur á móti að mörgum kirkjugörðum

⁸ Íslensk fornrit II, 1933:298-299.

⁹ Knud J. Krogh, 1982:183-216.

¹⁰ Grágás, 1992:10-11.

var ekki raskað, þó að þeir legðust af snemma á miðöldum. Þannig var t.d. um kirkjugarðana í Neðra Ási, að Hofi í Hjaltadal, á Skeljastöðum í Þjórsárdal og víðar.¹¹

Heimildir

- Grágás. (1992). Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík. Íslensk fornrit II. (1933). Reykjavík.
- Jón Steffensen. (1967). Ákvæði kristinna laga þáttar. Í *Árbók hins ísl. Fornleifafélags* 1966:71-78. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Kristján Eldjárn. (1956). *Kuml og haugfé*. Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján Eldjárn. (1965). Merkilagar girðingar á Melanesi á Rauðasandi. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1964:88-93. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Krogh, K. (1982). The Royal Viking-Age Monuments at Jelling in the light of recent Archaeological excavations. *Acta Archaeologica*, 53:183-216.
- Olsen, O. (1965). *Hørg, hov og kirke. Historiske og arkæologiske vikingetidsstudier*. Kaupmannahöfn: Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie 1965.
- Sigurður Bergsteinsson. (1997). *Forkönnun á tóftum og meintum kumlum á Þúfutanga á Rauðasandi í Barðastrandasýslu 22.-23. maí 1997* (Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1997/6). Reykjavík.

¹¹ Jón Steffensen, 1967:71-78.